

Hannes Hólmsteinn Gissurarsson

Frjálshyggjan, kreppan og kapítalisminn

Inngangur

Kapítalismi er það hagkerfi, sem hvílir á séreign á auðlindum og framleiðslutækjum og samkeppni einkaaðila um nýtingu þeirra og fullnægingu mannlegra þarfa, en frjálshyggjumenn telja slíkt hagkerfi hugsjónum sínum hentugast.¹ Andlát kapítalismans hefur verið boðað með hvellum lúðrablæstri á Íslandi síðustu ár. Árið 2010 birtist bók eftir marga höfunda gegn honum, og átti Stefán Ólafsson prófessor þar lengstu greinina. Árið 2011 komu út tvö barátturit gegn kapítalisma eftir Stefán Snævarr, heimspekiprófessor í Noregi, og rithöfundinn Einar Má Guðmundsson. Árið 2012 voru barátturitin enn tvö, eftir Einar Má Jónsson, miðaldafræðing í París, og Ha-Joon Chang, sem kennir þróunarhagfræði í Cambridgéháskóla. Lúðrablásturinn bergmálaði á

1 Menn geta hugsanlega verið stuðningsmenn kapítalismans án þess að vera frjálshyggjumenn, en menn geta varla verið frjálshyggjumenn án þess að vera stuðningsmenn kapítalismans í þeirri merkingu, sem hér er lögð í orðið. Þessi ritgerð er að stofni fyrirlestur undir sama heiti, sem ég flutti í Hátíðasal Háskóla Íslands 19. febrúar 2013 í boði Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála. Ónefndum ritrýni eru þakkaðar góðar ábendingar.

fundum og í fjölmiðlum. Öndvegissetrið Edda, sem starfar í Háskóla Íslands á rausnarlegum styrkjum úr íslenskum rannsóknarsjóðum, hélt fyrirlestraröð um „uppgjörið við nýfrjálshyggjuna“ haustið 2010, og fjölmörg viðtöl hafa verið við höfunda þessara bóka og umræður um verk þeirra í Ríkisútvarpinu, í Kastljósinu, Speglinum, Víðsjá, Silfri Egils og mörgum fréttatímum.

Ég hlýt þó að hryggja höfunda þessara fimm bóka og aðdáendur þeirra í Ríkisútvarpinu með því, að fréttin um andlát kapítalismans er orðum aukin. Samkvæmt viðtækri mælingu á atvinnufrelsi í heiminum síðustu þrjátíu árin, sem unnin var undir forystu bandaríska hagfræðingsins James Gwartneys (2012), snarjókst atvinnufrelsi árin 1985–2000, en hefur ekki minnkað síðan. Stóra fréttin á fyrsta áratug 21. aldar er ekki fjármálakreppan á Vesturlöndum frá 2008, þótt vissulega sé hún frétt næm, heldur, að tvær fjölmennustu þjóðir heims, Kínverjar og Indverjar, hafa tengst heimskapítalisanum. Þetta eru 2,5 milljarður manna, tæpur helmingur jarðarbúa. Á mælingu Gwartneys og félaga hans sést, að atvinnufrelsi hefur aukist verulega í þessum tveimur risaveldum.




Hannes Hólmsteinn Gissurarson heldur fyrirlestur sinn í Hátíðasal Háskóla Íslands á 60 ára afmælisdegi sínum, 19. febrúar 2013.

Þrjú kínversk hagkerfi höfðu áður vakið athygli vegna hagvaxtar og almennra framfara. Lífskjör — eins og algengast er að mæla þau í vergri landsframleiðslu á mann — eru nú að meðaltali betri í tveimur frjálsustu hagkerfum heims, Singapúr og Hong Kong, en í Bandaríkjunum. Lífskjör eru betri að meðaltali í Tævan en í ríkjum Evrópusambandsins. Einnig er fróðlegt að skoða hlut einstakra ríkjaheilda í heimsframleiðslunni. Árið 1991 framleiddu ríki Evrópusambandsins 28% hennar,

Bandaríkin 24% og Kína og Indland samanlagt 7%. Árið 2011 framleiddu ESB-ríkin 20% heimsframleiðslunnar, Bandaríkin 19% og Kína og Indland samanlagt 20%. Í áætlunum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (2012) er gert ráð fyrir því, að árið 2017 verði sömu hlutföll 17%, 18% og 25%. Ef þetta gengur eftir, þá mun hlutur Kína og Indlands í heimsframleiðslunni aukast úr 7% í 25% á röskum aldarfjórðungi. Það munar um minna.

Sósíalismiinn féll um sjálfan sig, um leið

Aukinn hlutur Kínverja og Indverja



1. LÍNURIT. Stóra fréttin á fyrsta áratug 21. aldar er ekki fjármálakreppan frá 2008, heldur tenging Kína og Indlands við heimskapítalismann, eins og sést hér. Heimild: *Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (2012)*.

og Berlínarmúrinn hrundi, 9. nóvember 1989. Löngu og blóðugu tímabili í skugga alræðisstefnunnar var lokið. Þrátt fyrir fjármálakreppuna á Vesturlöndum hefur kapítalisminn sjaldan verið öflugri, þegar litið er á heiminn allan síðustu tíu árin eða svo. Engu að síður er gagnrýnin á hann hávær, sem er að vísu ekkert nýtt. Kapítalisminn hefur aldrei átt marga vini, og furðaði Jósep Schumpeter sig raunar á því einu sinni, að honum skyldi ekki hafa verið kennt um jarðskjálftana í Tókíó 1923 (Stigler, 1982, 29). Hér hyggst ég ræða fjórar mikilvægustu aðfinnslurnar að kapítalisma og frjálshyggju í þeim fimm bókum, sem ég hef hér nefnt:

1. Kapítalisminn er óstöðugur, eins og bankahrunið íslenska sýnir gleggst, en einnig fjármálakreppan á Vesturlöndum.

2. Frjálshyggjutilraunin íslenska mistókst, fátækt var veruleg og tekjudreifing ójöfn, og hún leiddi til bankahrunsins.

3. Frjálshyggjan er siðlaus stefna og jafnvel ómannúðleg. Sjónarhorn hennar er allt of þröngt. Hún snýst um „sálarlaust silfrið og goldinn verð“.

4. Norðurlönd og ríki Evrópusambandsins eru Íslendingum miklu heppilegri og betri fyrirmyndir en Bandaríkin eða hin tíu fylki Kanada.

Að þessu sinni verð ég að sleppa ýmsum öðrum aðfinnslum, til dæmis að kapítalisminn hafi orðið til við rangsleitni og ofbeldi, þegar almenningar voru afgirtir, hann hafi í för með sóun náttúruauðlinda og mengun, auði heims sé mjög misskipt milli vestrænna þjóða og suðrænna, frjálshyggjutilraunir hafi mistekist í Síle og á Nýja-Sjálandi og ótal öðrum sakarefnum.

Kapítalisminn hefur aldrei átt marga vini, og furðaði Jósep Schumpeter sig raunar á því einu sinni, að honum skyldi ekki hafa verið kennt um jarðskjálftana í Tókíó 1923 ...

1. Er kapítalisminn óstöðugur?

Stutta svarið við þeirri spurningu, hvort kapítalisminn sé óstöðugur, er já. Hann er undirorpinn hagsveiflum, þenslu og samdrætti á víxl. En hvers vegna er það sakarefni? Menn kvarta undan veðrinu, en gera ekkert til að bæta það. Hvers vegna eru hagsveiflur óæskilegar? Vegna þess að þá er högum fólks raskað á margvíslegan ófyrirsjáanlegan hátt. Í þenslu fyllast menn bjartsýni og fjárfesta umfram það, sem skynsamlegt getur talist. Í kreppu verða fyrirtæki gjaldþrota og fólk missir vinnuna. En þá er þess að gæta, að ríkið er venjulega miklu óstöðugra en kapítalisminn. Í hinum föllnu alræðisríkjum nasista og kommúnista voru allir háðir duttlungum harðstjórans. Í vestrænum lýðræðisríkjum streyma frá stjórnvöldum lög, sem breyta skilyrðum fólks, trufla lífsbaráttu þess og torvelda. Og þrátt fyrir allt auðveldar kapítalisminn fólki aðlögun að nýjum aðstæðum. Sá, sem missir vinnuna, getur til dæmis á sveigjanlegum vinnumarkaði lækkað launakröfur sínar eða aflað sér nýrrar þekkingar, og þá fær hann fyrir eða síðar nýtt starf. Markaðsöfðin leita ætíð jafnvægis: Ef einhver vara selst ekki, þá lækkar verð hennar, og þá eykst eftirspurnin. Þegar þetta gerist ekki hratt, er skýringin iðulega sú, að ríkið kemur með einhverjum aðgerðum í veg fyrir nauðsynlega aðlögun, til dæmis þegar það aðstoðar verkalýðsfélög

við að meina ungu fólki að komast út á vinnumarkaðinn á öðrum kjörum en þeim, sem félögin hafa auglýst. Eina ráðið við frelsinu er meira frelsi.

Hvað olli fjármálakreppunni 2008? Hún var kröpp hagsveifla niður á við eftir mikla hagsveiflu upp á við árin á undan, en þenslan þá stafaði af lánsfjárnólu, sem átti sér uppruna í seðlabönkum, viðskiptabönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum á Vesturlöndum. Því má öðrum þræði líta á fjármálakreppuna sem leiðréttingu: Bólan sprakk, eins og bóllur gera jafnan (Ferguson, 2009). Einn orsakavaldurinn var undirmálslánin á bandarískum húsnæðismarkaði. Annar var stefna bandaríska seðlabankans, sem bauð lengi upp á peninga á allt of lágum vöxtum, en menn fjárfesta jafnan ógætilega, ef þeir eiga kost á hræðdýru lánsfé. Hið sama gerðist í Evrópu. Þar var opinbert aðhald í peningamálum og ríkisfjármálum allt of lítið, sérstaklega í suðurhluta álfunnar, svo að aðilar í atvinnulífi fylltust bjartsýni og ætluðu sér um of. Jafnframt var áhætta af útlánnum og verðbréfavíðskiptum vanmetin á fjármálamörkuðum. Með nýrri fjármálataekni átti að dreifa áhættu, en svo virðist sem aðeins hafi tekist að fela hana (Booth, 2009).

Bankahrúnið íslenska átti sér umfram allt alþjóðlegar orsakir. Fjármálakreppan skall hins vegar fyrir og verr á Íslendingum en mörgum öðrum þjóðum vegna þess, að fjármálakerfið íslenska var hlutfallslega stórt. Áhætta var hér einnig vanmetin umfram það, sem gerðist á alþjóðlegum mörkuðum, vegna ónógra upplýsinga um skuldunauta bankanna og flókin, innbyrðis tengsl þeirra. Þegar bankamenn töldu sig vera að lána mörgum ólíkum aðilum, voru þeir í raun og veru að lána einum og sama aðila undir mörgum ólíkum nöfnum. Sömu eignir voru víðast að veði. Þetta er ekkert nýtt. Margir muna eftir íslenska bankastjóranum, sem lánaði fé í andabú og

vildi síðan skoða starfsemina. Eigandinn sýndi honum glaðbeittur endurnar, þar sem þær trítluðu fram hjá þeim hver af annarri, en bankastjórinn gætti ekki að því, að eigandinn lét þær fara aftur fyrir hús og birtast aftur í einni halarófu. Bankastjórinn var alltaf að skoða sömu endurnar! En í aðalatriðum féllu íslensku bankarnir, af því að ríkinu, Seðlabankanum og fjármálaráðuneytinu, var um megn að bjarga þeim. Bresk stjórnvöld gerðu síðan illt verra með hryðjuverkaloögunum, sem þau beittu gegn íslenskum fjármálafyrirtækjum, á sama tíma og þau aðstoðuðu fjölda fjármálafyrirtækja í eigu útlendinga á Bretlandi.

Sterk rök hníga hins vegar að því að vísa á bug sex skýringum á bankahruninu. Ein er, að ræturnar liggja í stjórnarskránni, sem Kristján konungur IX. færði okkur á þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar 1874 og samþykkt var með litlum breytingum í þjóðaratkvæðagreiðslu 1944. Sú stjórnarskrá hefur í meginatriðum reynst vel. Hún er hemill valdbeitingar, ekki óskalisti. Hún sprettur upp úr hinni frjálslyndu stjórn málahefð Vesturlanda, sem best birtist í sjálfstæðisfyrirlýsingu Bandaríkjanna 1776. Stjórnarskráin tryggir þrýðilega ýmis réttindi, svo sem málfrelsi, fundafrelsi og trúfrelsi, en hana má vissulega gagnrýna fyrir, að þar sé ekki nægur hemill á seðla-prentunar- og skattlagningarvaldi ríkisins. Fráleitt er hins vegar að rekja hina alþjóðlegu fjármálakreppu og afleiðingar hennar á Íslandi til stjórnarskrárinnar frá 1874.

Önnur skýring er einnig hæpin. Hún er, að bankarnir hafi verið of stórir fyrir Ísland. Hvenær eru bankar of stórir? Það fer vitanlega eftir því, hvernig áhættunni er dreift. Stór fjármálakerfi voru á Mön, Jersey, Guernsey, Cayman-eyjum og í Sviss, en þar varð ekkert hrun, þótt vissulega þyrfti svissneski seðlabankinn að hlaupa undir bagga með viðskiptabönkum þar í landi. Flestir bankar Bretlands hafa aðsetur


Sannleikurinn er sá, að um allan heim voru bankamenn óhóflega áhættusæknir, vegna þess að þeir gerðu ráð fyrir því að hirða sjálfir gróðann, þegar vel gengi, en leita á náðir ríkisins, þegar illa gengi. Óhófleg áhættusækni banka er kerfisvilla, sem rekja má til óbeinnar ríkisábyrgðar á innstæðum og öðrum skuldbindingum banka.

á litlu svæði í fjármálaverfi Lundúna, City. Þeir væru vitanlega of stórir fyrir borgina Coventry, þar sem íbúaföldi er svipaður og á Íslandi, en þeir eru varla of stórir fyrir Bretland allt. Hér var miklu frekar á ferð kerfisvilla: Rekstrarsvæði íslensku bankanna var miklu stærra en baktryggingarsvæði þeirra. Samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið máttu bankarnir starfa á öllu því svæði, en í fjármálakreppunni kom í ljós, að baktryggingarsvæði þeirra var Ísland eitt. Enginn kom Íslandi til hjálpar, þegar lánalínur lokuðust um heim allan haustið 2008. Bankarnir voru ekki of stórir, heldur var Ísland of lítið, — ef það stóð eitt og óstutt.

Þriðja skýringin er ekki síður hæpin. Hún er, að íslenskir bankamenn hafi verið áhættusæknari eða vitgrennri en bankamenn í öðrum löndum. Bankamenn annars staðar tóku svo sannarlega mikla áhættu í aðdraganda fjármálakreppunnar. Lítum til dæmis á Danske Bank, sem varaði ósjaldan af nokkru yfirlæti við íslenskum bankamönnum. Sami aðili var í senn aðaleigandi þess banka og helsti skuldunautur, fyrirtækjasamsteypan A. P. Møller, en slíkt fyrirkomulag var einmitt

Lánsfjárbólan íslenska hófst 2004

Erlendar skuldir í millj. kr.



2. LÍNURIT. Lánsfjárbólan íslenska hófst 2004, eins og má sjá á þessu yfirliti yfir erlendar skuldir. Frá 1991 til 2004 var hér markaðskapítalismi, en frá 2004 til 2008 klíkukapítalismi. Fámenn klíka kapítalista jók á seinna tímabilinu stórkostlega erlendar skuldir bankanna, svo að þeir voru alls vanbúinir hinni alþjóðlegu fjármálakreppu. Heimild: Hagstofa Íslands.

gagnrýnt hér á landi. Árin 1998–2008 sexfölduðust umsvif Danske Bank, en eigið fé þrefaldaðist á sama tíma. Bankinn hefði fallið um koll í fjármálakreppunni, hefði hann ekki notið aðstoðar danska seðlabankans, sem hafði fengið lán frá bandaríska seðlabankanum (Politiken, 2010). Skoðum annað dæmi. Royal Bank of Scotland, RBS, fékk árin 2007–2011 256 milljarða punda aðstoð frá breska ríkinu eða um 52 þúsund milljarða íslenskra króna, og er ríkið nú aðaleigandi hans (National Audit Office, 2012). Voru íslenskir bankamenn fífaldjarfari en ráðamenn RBS? Síðan er það, að með þessari skýringu er úrlausnarefnið aðeins flutt til um reit. Ef erlendir bankamenn voru svo miklu snjallari en hinir íslensku, hvers vegna

lánuðu þessir snillingar þeim þá allt þetta fé? Sannleikurinn er sá, að um allan heim voru bankamenn óhóflega áhættusæknir, vegna þess að þeir gerðu ráð fyrir því að hirða sjálfir gróðann, þegar vel gengi, en leita á náðir ríkisins, þegar illa gengi. Óhófleg áhættusækni banka er kerfisvilla, sem rekja má til óbeinnar ríkisábyrgðar á innstæðum og öðrum skuldbindingum banka (Gunnlaugur Jónsson, 2012). Jafnframt ollu ýmsar reglur, til dæmis Basel-reglurnar svonefndu, því, að seðlabankar og viðskiptabankar vanmátu kerfisbundið áhættu: Fasteignir og ríkisskuldabréf voru til dæmis talin áhættulítill, og afskriftir banka voru takmarkaðar með lagaboði.

Fjórða skýringin á bankahruninu, að krónan hafi verið ónýtur gjaldmiðill,

er einnig röng. Vandinn fólst ekki í gjaldmiðlinum, heldur skuldasöfnuninni, sem olli þenslunni. Ef menn safna skuldum umfram greiðslugetu, þá stoðar lítt að skrá skuldirnar í evrum frekar en krónum. Þetta sjáum við betur nú en í upphafi kreppunnar, því að mörg evrulönd hafa lent í stökustu vandræðum, Írland, Grikkland, Spánn, Portúgal og Ítalía. Þegar litið er til langs tíma, eru vandræði þeirra jafnvel meiri en Íslendinga vegna kostnaðarsamra björgunaraðgerða í fjármálakreppunni. Þessar þjóðir sitja uppi með miklar skuldir, sem þær léttu af herðum bankanna, svo að þeir sliguðust ekki. Vissulega er krónan ekki traustur gjaldmiðill (þótt verðtryggða krónan sé það raunar, enda eru allar langtímaskuldbindingar á Íslandi gerðar í verðtryggðri krónu), en hún auðveldaði aðlögun að nýjum aðstæðum 2008–2009. Unnt var að efla útflutningsatvinnuvegina og lækka laun, eins og nauðsynlegt var, án teljandi vandræða.

Fimmta skýringin á bankahruninu er, að Seðlabankanum hafi verið illa stjórnað. Hann hafi ausið fé í viðskiptabankana með svonefndum „ástarbréfum“ og orðið gjaldþrota (Gauti B. Eggertsson, 2009). Þessi skýring er einnig bersýnilega röng. Gjaldþrot verður, þegar einhverjum aðila er um megn að greiða af skuldum sínum. Það gerðist ekki í dæmi Seðlabankans. Og fyrir hrun bankanna gerði Seðlabankinn strangari kröfur um vedhæfi eigna í lánnum til viðskiptabankanna en tíðkaðist erlendis. En kröfur bankans á hendur viðskiptabönkunum hröpuðu auðvitað í verði við hrun þeirra, jafnframt því sem þessum kröfum var skipað aftar en áður með neyðarlögunum, sem samþykkt voru í upphafi hrunsins (Davíð Oddsson, 2010). Aðalatriðið er þó, að Seðlabankinn átti lögum samkvæmt að vera þrautavaralánveitandi til að bæta úr tímabundnum lausafjárskorti

Vandinn fólst ekki í gjaldmiðlinum, heldur skuldasöfnuninni, sem olli þenslunni. Ef menn safna skuldum umfram greiðslugetu, þá stoðar lítt að skrá skuldirnar í evrum frekar en krónum. Þetta sjáum við betur nú en í upphafi kreppunnar, því að mörg evrulönd hafa lent í stökustu vandræðum, Írland, Grikkland, Spánn, Portúgal og Ítalía.

viðskiptabankanna. En vandi bankanna reyndist ekki vera lausafjárskortur, heldur eiginfjárvandi: Endurnar urðu ekki því fleiri sem þær trítluðu oftar í kringum húsið.

Rannsóknarnefnd Alþingis á bankahruninu (2010) fann tvennt að gerðum Seðlabankans í hruninu. Hið fyrra var, að Seðlabankinn hefði átt að kanna betur eigið fé Landsbankans vegna Icesave-reikninganna, sem opnaðir voru erlendis. Hið síðara var, að bankinn hefði átt að skrásetja betur ferilinn við kaup ríkisins á mestum hluta Glitnis í upphafi bankahrunsins. En hið fyrra var á verksviði Fjármálaeftirlitsins og utan valdsviðs Seðlabankans. Hið síðara var fullkomið aukaatriði, sem verður nánast hlægilegt, þegar lesnar eru endurminningar bandarískra og evrópskra ráðamanna (t. d. Poulson, 2010): Þeir lýsa því, þegar þeir þurftu að taka margar mikilvægar ákvarðanir um stuðning við eða kaup á fjármálastofnunum á örskotsstund, nokkrum dögum eða jafnvel klukkustundum. Því er við að bæta, að þeir, sem urðu fyrir ákúrum eða aðfinnslum í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, geta ekki leitað réttar síns fyrir dómstólum, telji þeir á sér brotið. Nefndarmenn eru beinlínis



Fjöldmenni hlýddi á fyrirlestur Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar í Hátíðasal Háskóla Íslands.

varðir fyrir lögsóknum. Líkur hafa verið leiddar að því, að einn eða tveir þeirra hafi verið vanhæfir í máli Seðlabankans (Davíð Oddsson, 2010).

Davíð Oddsson seðlabankastjóri (2008) beitti sér fyrir því, að almenningur á Íslandi tæki ekki að sér að greiða „skuldir óreiðumanna“, eins og hann orðaði það. Ýmsir hagspekingar voru á öðru máli. Til dæmis fullyrti Már Guðmundsson, síðar seðlabankastjóri, á fundi með Jóhönnu Sigurðardóttur og Geir H. Haarde síðsumars 2008, að ódýrara væri fyrir ríkið að bjarga bönkunum en láta þá hrynja. Gauti B. Eggertsson hagfræðingur tók undir það á sama fundi, að mikilvægt væri „að standa við bakið á bönkunum“ og „hættulegt að fara í opinbera umræðu“ um skiptingu skulda bankanna í erlendum og innlendum gjaldmiðli (Landsdómur, 2012, 92–3). Þriðji hagspekingurinn, Jón Steinsson, sagði haustið 2008, að Seðlabankinn ætti „að rýmka reglur um veðhæfar eignir í endurhverfum viðskiptum“, en svo voru kaup á „ástarbréfunum“ nefnd

á hagfræðimáli. Erfitt er að meta, hvað kostað hefði að fara að ráðum þeirra Más og félaga. En setjum svo, að reynt hefði verið að bjarga einum bankanna og þá hinum stærsta, Kaupþingi. Sá banki var ef til vill um fimmtíu sinnum minni en Royal Bank of Scotland, sem fékk eins og hér var nefnt 52 milljarða króna lán frá breska ríkinu. Þetta veitir vísbendingu um, að þurft hefði um eitt þúsund milljarða króna til að bjarga Kaupþingi einu. Þetta hljómar ekki ólíklega, þegar haft er í huga, að Íslendingum stóð til boða fjögurra milljarða evra lán frá Rússum, sem jafngilt hefði í febrúar 2013 um 680 milljarðar króna.² Heildarkostnaður við að bjarga einum bankanna hefði því getað verið um eitt þúsund milljarðar króna í erlendum gjaldmiðli, en óvíst hefði verið, að sú björgunaraðgerð hefði borið árangur, vegna þess að skuldbindingar bankanna þriggja voru samofnar og því meiri hætta en

² Saga Rússalánsins er enn ósögð, en hún er allt öðru vísi en ætla mætti af blaðskrifum. Segja þarf þá sögu og leiðréttá ýmsar missagnir um bankahrúnið íslenska, til dæmis í verkum Roberts Wades.

ella á keðjuverkun, þegar einn banki hefði dregið hina með sér í fallinu. Árið 2011 voru erlendar skuldir Íslendinga 448 milljarðar króna. Þær hefðu hins vegar líklega orðið fjórum sinnum meiri, um 1.600 milljarðar króna, með höfuðstóli og vaxtakostnaði, hefði verið farið að ráðum þeirra Mús.

Sjötta skýringin á bankahruninu er, að kapítalisminn hafi verið hér lausbeislaðri en annars staðar. Þessi söguskýring hefur jafnvel borist til útlanda. Ha-Joon Chang segir til dæmis (2012, 272): „Milli árunna 1998 og 2003 einkavæddi landið banka í ríkiseign og hunsaði jafnvel grundvallarregluverk um starfsemi þeirra, til dæmis kröfur um vara-sjóði banka. Í kjölfarið stækkuðu íslensku bankarnir með ævintýraleikum hraða og leituðu sér viðskiptavina erlendis líka.“ En fyrri setningin í þessari kláusu er ekki rétt. Íslensku bankarnir störfuðu við nákvæmlega sömu reglur um fjármálamarkaði og bankar annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Það er hins vegar rétt, að fjármálamarkaðurinn íslenski hafði eitt sérkenni, sem þegar hefur verið minnst á, að einn aðili virtist hafa ótakmarkaðan aðgang að lánsfé úr bönkunum: Til dæmis voru stórfyrirtæki eins og Baugur, Gaumur og FL-Group nátengdir aðilar, að mestu leyti í eigu eins og sama manns, en með því að telja þá ólíka aðila var áhættan í kerfinu vanmetin.

Það verður hins vegar að bíða betri tíma að velta fyrir sér mikilvægu atriði um íslenska bankahrunið: Var Ísland fellt af ráðnum hug? Þegar atburðarásin fram að hrúni og í því er skoðuð, vakna ýmsar spurningar: Hvers vegna veittu bresk stjórnvöld öllum öðrum bönkum en þeim, sem voru í eigu Íslendinga, aðstoð í fjármálakreppunni haustið 2008? Hvers vegna beittu Bretar hryðjuverkalögum á Íslendinga, þar á meðal Seðlabankann og fjármálaráðuneytið, sem voru í heilan sólarhring á lista um hryðjuverkasamtök á vefsíðu breskra stjórnvalda? Hvers vegna


Hér var ekki gerð nein frjálshyggjutilraun árin 1991–2004 [heldur] látið nægja að leysa hagkerfið úr böndum, svo að það yxi í svipað horf og í grannríkjunum, til dæmis Bretlandi, Noregi og Kanada. Regluverk hér var samræmt því, sem gerðist í öðrum löndum Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta tókst: Árið 2004 mældist íslenska hagkerfið hið 13. frjálsta af 130 hagkerfum, sem þá voru rannsökuð.

söguðu Alistair Darling fjármálaráðherra og Mervyn King seðlabankastjóri ósatt um samtöl sín við íslenska starfsbræður og brutu með því hinar óskráðu, en föstu bresku reglur um framkomu heiðursmanna, *gentlemen*? Átti að fella Ísland öðrum til viðvörunar, eins og spáð hafði verið í einkasamtölum nokkrum mánuðum fyrir hrún? Vildu erlendir bankar koma í veg fyrir samkeppni frá nýliðum, sem rekið gátu bankastarfsemi ódýrar á Netinu? Til eru vísbendingar um þetta (sbr. Styrmir Gunnarsson, 2009), þótt eftir standi óhaggaðar þær meginskýringar á bankahruninu, að hin alþjóðlega fjármálakreppa skall fyrr og verr á Íslendingum en öðrum, vegna þess að bankar voru hér hlutfallslega stórir, vegna þess að kerfisáhættan var enn meiri hér en annars staðar og vegna þess að Bretar gerðu illt verra.

2. Mistókst frjálshyggjutilraunin íslenska?

Stutta svarið við þeirri spurningu, hvort frjálshyggjutilraunin íslenska

Töluleg kjör hinna tekjulægstu



3. LÍNURIT. Þegar 144 hagkerfum heims er skipt í fjóra hluta eftir atvinnufrelsi, kemur í ljós, að kjör hinna tekjulægstu eru að meðaltali langskárst í frjálsasta fjórðungnum. Kapitalisminn er mikilvirkasta tækið til að breyta fátækt í bjargálnir. Heimild: Gwartney (2012).

hafi mistekist, er, að hér var ekki gerð nein frjálshyggjutilraun árin 1991–2004. Hér var látið nægja að leysa hagkerfið úr böndum, svo að það yxi í svipað horf og í grannríkjunum, til dæmis Bretlandi, Noregi og Kanada. Regluverk hér var samræmt því, sem gerðist í öðrum löndum Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta tókst: Árið 2004 mældist íslenska hagkerfið hið 13. frjálsasta af 130 hagkerfum, sem þá voru rannsökuð. Þá voru hagkerfi Kanada og Bretlands að vísu frjálsari, en hagkerfi Noregs ófrjálsara (Gwartney, 2012). Íslenska hagkerfið var því í góðu meðallagi á sínu svæði. Ríkisútgjöld lækkuðu hér hins vegar ekki sem hlutfall af landsframleiðslu. En tímabilið 1991–2004 var engu að síður mikið framfaraskeið. Hagkerfið opnaðist, ekki síst með aðildinni

að Evrópska efnahagssvæðinu, verðbólga hjaðnaði, fjáraustur úr opinberum sjóðum stöðvaðist, ríkisfyrirtæki voru seld og andvirði þeirra notað til að greiða upp skuldir hins opinbera, skattar lækkaðir og sjávarútvegi búin góð rekstrarskilyrði, raunar hin bestu í heimi. Enn fremur voru réttindi einstaklinga betur tryggð með nýjum stjórnsýslulögum og upplýsingalögum. Eftir nokkra utanaðkomandi erfiðleika árin 1991–1994 tók við góðæri, og lífskjör almennings snarbötnuðu 1995–2004.

Þó fullyrti Stefán Ólafsson félagsfræðingur (2003), að árið 2003 hefði fátækt verið hér talsvert meiri en annars staðar á Norðurlöndum, jafnvel 7–10%. Sigurður Snævarr hagfræðingur (Morgunblaðið, 2003) vísaði þessu á bug og kvað tölur

sýna, að fátækt væri hér svipuð og þar. En hvernig er fátækt mæld? Fræðimenn gera greinarmun á tölulegri (absolute) fátækt og tiltölulegri (relative). Töluleg fátækt er nær hinni hversdagslegu merkingu orðsins. Hún er skortur á lífsgæðum. Maður telst fátækur í þeim skilningi, hafi hann lægri ráðstöfunartekjur í krónum, pundum, evrum eða dólum en nemur einhverju skilgreindu lágmarki. En sumir fræðimenn telja eðlilegra að nota hitt hugtakið, tiltölulega fátækt. Hún er skilgreind svo, að maður teljist fátækur, séu ráðstöfunartekjur hans innan við 50% af svokölluðum miðtekjum, en þær eru tekjur, sem skipta mönnum í tvo jafnstóra hópa. (Vert er að benda á, að miðtekjur eru ekki hið sama og meðaltekjur.) Einnig er til hugtakið lágtekjur eða hætta á fátækt, sem er skilgreind svo, að manni sé hætt við fátækt, séu ráðstöfunartekjur hans innan við 60% af miðtekjum. Svo vill til, að hagstofa Evrópusambandsins gerði viðamikla könnun (2007) á lífskjörum, fátækt og tekjudreifingu í Evrópuríkjunum, sem náði til árána 2003 og 2004. Samkvæmt henni var tiltöluleg fátækt á Íslandi 5,3% árið 2003, en 5,4% árið 2004. Það var mjög svipað og alls ekki meira en annars staðar á Norðurlöndum. Hætta á fátækt var á Norðurlöndum þá raunar næstmínst á Íslandi, 10%, en mínst í Svíþjóð, 9%. Þess má líka geta, að kjör tekjulægsta hópsins bötnuðu tvöfalt hraðar á Íslandi 1995–2004 en nam meðaltali í OECD-löndum (Hannes H. Gissurason, 2009, 117). Því reyndist því ekki flugufótur fyrir þeirri fullyrðingu, að fátækt hefði árið 2003 verið talsvert meiri hér en annars staðar á Norðurlöndum.

Síðan fullyrti Stefán Ólafsson (2006), að tekjudreifing hefði árin 1995–2004 orðið hér talsvert ójafnari en annars staðar á Norðurlöndum. Aðrir fræðimenn vísuðu

þessu á bug og töldu tekjudreifingu hér svipaða og þar (Morgunblaðið, 2007). Erfitt er að vísu að mæla tekjudreifingu nákvæmlega, en einn mælikvarði á hana er svokallaður Gini-stuðull. Hann er 0, þegar allar tekjur dreifast jafnt, en 1, þegar einn maður hefur allar tekjur, en aðrir eru tekjulausir. Slíkur stuðull hlýtur ætíð að vera ójafn þegar af þeirri ástæðu, að menn hafa ólíkar tekjur á ólíkum skeiðum ævinnar: Þeir eru tekjulausir sem börn, með lágur tekjur í námi, oft með góðar tekjur í fullu starfi, en síðan með lágur tekjur, eftir að þeir setjast í helgan stein. Og ef aldursdreifing breytist (ungum eða gömlum fjölgar eða fækkar) eða mannauðsmyndun (menn eru lengur tekjulágir í námi og með hærri tekjur að námi loknu eða öfugt), þá breytist sú tekjudreifing, sem Gini-stuðullinn mælir, jafnvel þótt ekkert annað hafi gerst. Hvað sem því líður, var staðhæft, að Gini-stuðullinn fyrir Ísland hefði verið 0,25 árið 1995 og hlaupið upp í 0,35 árið 2004. Hann hefði þá verið miklu hærri fyrir Ísland en önnur Norðurlönd og jafnvel hærri en á Bretlandi. En í fyrrnefndri könnun hagstofu Evrópusambandsins (2007) á lífskjörum, fátækt og tekjudreifingu kom í ljós, að þetta var rangt. Gini-stuðullinn fyrir Ísland árið 2004 var ekki 0,35, heldur 0,25, og tekjudreifing var hér þá svipuð og annars staðar á Norðurlöndum.

Ísland árið 2004 var gott land. Töluleg fátækt var þá líklega ein hin minnsta í heimi og tiltöluleg fátækt næstmínst í heimi. Íslendingar mældust þá í hópi hamingjusömustu þjóða heims. Skattalækkunar árána á undan höfðu borið ótrúlegan árangur. Til dæmis höfðu tekjuskattar á fyrirtæki lækkað úr 50% árið 1985 í 18% árið 2003, áður en nokkur lánsfjárbóla varð til. Á sama tíma höfðu skatttekjur af fyrirtækjum, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, hækkað úr 0,9% í 1,5%

Ísland árið 2004 var gott land. Töluleg fátækt var þá líklega ein hin minnsta í heimi og tiltöluleg fátækt næstminnst í heimi. Íslendingar mældust þá í hópi hamingjusömustu þjóða heims. Skattalækkanir árána á undan höfðu borið ótrúlegan árangur. ... En þáttaskil urðu árið 2004, eins og sjá má, þegar þróun erlendra skulda er skoðuð: Þetta ár hófst lánsfjárbólan. Og þetta sama ár náði fámenn auðklíka völdum í landinu.

(Prescott, 2007). Hér sannaðist, að lítil sneið af stórrí köku getur verið stærri en stór sneið af lítilli köku. En þáttaskil urðu árið 2004, eins og sjá má, þegar þróun erlendra skulda er skoðuð: Þetta ár hófst lánsfjárbólan. Og þetta sama ár náði fámenn auðklíka völdum í landinu. Árin 1991–2004 stóð hér markaðskapítalismi: Fyrirtæki kepptu á frjálsum markaði, fjölmiðlar voru óháðir, dómstólar sjálfstæðir og hagvald og stjórnvald ekki á sömu hendi. En árin 2004–2008 má á sama hátt kenna við klíkukapítalisma: Stórfyrirtæki í eigu einnar auðklíku gleypu ekki smáfyrirtæki vegna betri afkomu sinnar, heldur vegna greiðari aðgang síns að lánsfé úr bönkunum; einokun eða fákeppni myndaðist á mörgum mörkuðum; fjölmiðlungar og álitsgjafar gengu ótrúlega margir erinda einnar auðklíku; og dómstólar og stjórnámálemenn létu þessa sömu klíku hafa óeðlileg áhrif á sig (Björn Bjarnason, 2011; Óli Björn Kárasón, 2012). Auðklíkan merkti líklega ekki lystisnekkju sína eða einkapotu með

tölunni 101 í heiðurs skyni við höfund skáldsögunnar *101 Reykjavík*, Hallgrím Helgason (1996), þótt hann væri kunnasta og afkastamesta hirðskáld hennar, heldur til að minnast þess, að lánin í bönkunum voru á 100 kennitölum, þótt skuldunauturinn væri í raun 1.

3. Er frjálshyggjan siðlaus, jafnvel ómannúðleg?

Svar við þeirri spurningu, hvort frjálshyggjan sé siðlaus, jafnvel ómannúðleg, veltur á því, hvernig hugtakið er skilið. Í mínum huga er frjálshyggja sú skoðun, að takmarka beri valdið og veita einstaklingum svigrúm til að þroskast eftir eigin eðli og lögmáli. Þeir þurfi því að njóta frelsis innan marka laga og almenns velsæmis. Ég hygg, að enginn ágreiningur sé um það, að helstu hugmyndasmiðir frjálshyggjunnar séu þeir John Locke og Adam Smith. Locke leiddi rök að því (1689), að menn gætu eignast hluti úr skauti náttúrunnar án þess að skaða aðra, en ríkið væri síðan nauðsynlegt til að vernda þennan eignarrétt þeirra, jafnframt því sem takmarka þyrfti valdið og dreifa því, enda væru valdsmenn misjafnir. Adam Smith sýndi fram á (1776), að eins gróði þyrfti ekki að vera annars tap og að mannlegt samlíf gæti verið skipulegt án þess að þurfa að vera skipulagt. Ég tek hins vegar eftir því, í þeim fimm bókum gegn frjálshyggju og kapítalisma, sem ég hef hér nefnt, að frjálshyggju er iðulega ruglað saman við hagfræði eða jafnvel aðeins við eitt afbrigði þeirrar vísindagreinar, nýklassíska hagfræði, sem svo er nefnd og kennd er í flestum háskólum. En frjálshyggjan er ekki slík hagfræði. Þótt *homo oeconomicus*, líkan hagfræðinnar af hinum hagsýna manni, hafi sitt skýringar- og forsagnargildi, er það sértekning, abstraksjón, og ekki tæm-

andi greinargerð um mannlegt eðli. Með rannsóknum sínum hafa hugvitssamir hagfræðingar leitt í ljós, að boðskapur frjálshyggjumannanna um sjálfstýrt hagkerfi, kapítalisma, þar sem einstaklingar leysa úr mörgum málum með viðskiptum frekar en valdbóði, verðlagningu frekar en skipulagningu, sé framkvæmanlegur. En þeir hafa ekki sannað, að hann sé æskilegur.


Sjálfur hyggst ég ekki reyna að sanna, að boðskapur frjálshyggjumannanna sé æskilegur. Ég minni aðeins á, að menn búa yfir þremur ráðum, þegar þeir girnast eitthvað, sem náungar þeirra eiga eða ráða yfir: fortölum, ofbeldi eða kaupum. Fortölur eiga við í fámennum hópi, þar sem menn þekkjast og treysta hver öðrum. Því er það, að valið í fjölmennari hópi, svo að ekki sé talað um heimsbyggðina alla, hlýtur að vera um ofbeldi eða kaup, sverð eða verð. Annaðhvort neyðir maður náunga sinn til að láta eitthvað af hendi eða greiðir honum fyrir það verð, sem báðir sætta sig við. Kerfi frjálsra viðskipta er um leið kerfi sjálfsprottinnar samvinnu í stað valdbóðinnar. Því fer þess vegna fjarri, að það sé siðlaust eða jafnvel ómannúðlegt. Frjálshyggja felur ekki heldur í sér aðdáun á ágirnd, sem er ein af dauðasýndunum sjö í kristnum sið. Ágirnd er áreitni, ásælni, löngun manns í það, sem honum ber ekki. Jafnframt því sem frjálshyggjumenn hafna henni, gangast þeir hiklaust við sjálfselsku sem mikilvægu afli í mannlífínu, enda hljóta menn að mega elska sjálfa sig eins og náunga sína. Munurinn á ágirnd og sjálfselsku er eins og munurinn á fíkn og nautn. Sjálfselskan er umhyggja manna fyrir sér og sínum, sjálfsbjargarhvöt, ávinningsvon. Og máli skiptir, hvaða sjálf menn elska. Séra Arnljótur Ólafsson sagði í fyrsta íslenska hagfræðiritinu (1880): „Aðgætanda er, að sjálfselskan er meginafli mannsins og að mennirnir eru engan veginn misgóðir eftir

Frjálshyggjumenn vilja ekki stækka sneið eins manns með því að smækka sneið annars, heldur með stærri brauðum, blómlegum bakaríum. Jafnframt getur það verið kostur frekar en galli, að við treystum frekar á matarástina en náungakærleikann í viðskiptum ókunnugs fólks á frjálsum markaði. Kapítalisminn spyr ekki, hvernig bakarinn sé á litinn, heldur hvernig brauðið sé á bragðið.

Því, hve mjög þeir elska sjálfa sig, heldur eftir hinu, hvað þeir elska hjá sjálfum sér og í sínum kjörum.“ Sjálfíð býr síðan ekki aðeins inni í manninum, heldur getur hann fært það út til annarra. Sú móðir, sem hlúir að barni sínu, hefur fært sjálf sitt út til þess. Móðurást hennar er annað og meira en náungakærleikur, eins og náungakærleikur er annað og meira en matarást.

Þótt kennt sé í kristnum sið, að við eigum að elska náunga okkar eins og sjálf okkur, merkir það ekki nauðsynlega, að við eigum að elska þá á sama hátt eða jafnheitt og okkur sjálf og nánustu vandamenn. Í verki getum við helst elskað náunga okkar með því að fullnægja þörfum þeirra sem best, og það gerist í frjálsum viðskiptum á markaði. Kerfi gróða og taps veitir ómissandi upplýsingar um, hvernig einn maður getur af eigin hvötum og ótilneyddur nýtt hæfileika sína í þágu annarra. Í skiptum manna, sem þekkjast ekki og treysta ekki hver öðrum, er matarást skilvirkari en náungakærleikur. Það er að vísu líka rétt, sem Kristur boðaði, að maðurinn

Lífskjör í sjö norrænum hagkerfum




4. LÍNURIT. Þegar borin eru saman lífskjör árið 2010 í fjórum norrænum ríkjum og þeim ríkjum BNA og fylkjum Kanada, sem helst líkjast hinum norrænum (en olfúríkjum sleppt), kemur í ljós, að lífskjör eru talsvert betri vestan hafs en austan. Heimildir: Hagstofa Kanada, CIA World Factbook, Avery (2011).

lífir ekki á brauði einu saman. Margt annað skiptir máli í lífinu. En maðurinn þarf samt á brauði að halda, og Adam Smith benti á, að við væntum ekki brauðs okkar vegna góðvildar bakarans, heldur umhyggju hans um eigin hag. Frjálshyggjumenn vilja ekki stækka sneið eins manns með því að smækka sneið annars, heldur með stærri brauðum, blómlegum bakaríum. Jafnframt getur það verið kostur frekar en galli, að við treystum frekar á matarástina en náungakærleikann í viðskiptum ókunnugs fólks á frjálsum markaði. Kapítalisminn spyr ekki, hvernig bakarinn sé á litinn, heldur hvernig brauðið sé á bragðið. Þess vegna hefur kapítalisminn oft reynst skjól þeirra minnihlutahópa, sem ríkið ógnar, til dæmis Gyðinga á miðöldum.

Hafa frjálshyggjumenn samt ekki takmarkaðan áhuga á lítilmagnanum? Dást þeir ekki

frekar að hæfileikamönnum, hetjum, brautryðjendum? Hið fyrra er vafasamt, en hið síðara má til sanns vegar færa (Rand, 2012). En hér er aðalatriðið, að lítilmagninn er bersýnilega best settur í frjálsum hagkerfum. Ég hef þegar vikið að mælingu James Gwartneys og félaga hans (2012) á atvinnufrelsi. Í þeirri rannsókn sést mjög sterkt samband á milli atvinnufrelsis og góðra lífskjara. Þegar hagkerfum heims er skipt í fjóra hluta eftir atvinnufrelsi, eru meðaltekjur á mann langhæstar í frjálssasta fjórðungnum. Sjálfur er ég ekki í neinum vafa um, að þetta sé orsakasamband. Jafnframt kemur í ljós, að tiltöluleg kjör fátæks fólks eru skást í frjálssustu hagkerfunum, þótt að öðru leyti sé ekki greinanlegt neitt samband á milli atvinnufrelsis og tekjudreifingar. En töluleg kjör fátæks fólks, eins og þau mælast í krónum, pundum, evrum eða dólum, eru langskást í

Atvinnufrelsi á Norðurlöndum



5. LÍNURIT. Þegar borin er saman þróun atvinnufrelsis á Norðurlöndum frá 1970, sést, að Ísland sker sig úr síðustu árin. Hér hefur atvinnufrelsi snarminnkað, en aukist lítillega á öðrum Norðurlöndum þrátt fyrir fjármálakreppuna. Heimild: *Gwartney (2012)*.

frjálsustu hagkerfunum. Kapítalisminn er nú sem fyrr mikilvirkasta tækið, sem fundist hefur til að koma fátæku fólki í bjargálnir. Þannig útrýmir hann margvíslegu böli, sem stafar af fátækt, til dæmis hungri, þorsta, barnadauða, hörgulsjúkdómum, drepsóttum, ólæsi, skammlífi. Hagvöxturinn færir okkur ekki nauðsynlega hamingju, en hans vegna verður óhamingjan bærillegri.

Ágirnd er ein af dauðasyndunum, en það eru öfund og leti líka. Frjálshyggjumenn geta ólíkt sósíalísum sofið á næturnar, þegar öðrum gengur vel. Þeir samgleðjast þeim, sem skara fram úr. Þeir hafa meiri áhuga á sköpun gæðanna en skiptingu þeirra. Hvort vilja menn frekar, að börn þeirra fæðist í Jafnaðarlandi, þar sem kjör eru jöfn, en ekki góð, eða í Tækifæralandi, þar sem kjör eru misjöfn, en kjör hinna verst settu skárri en annars staðar? Hvort

vilja þeir, að þau fæðist í Jafnaðarlandi, þar sem ráðið við fátækt er að gera hana bærillegri með bótum, eða í Tækifæralandi, þar sem ráðið er að fjölga tækifærum hinna fátæku til að vinna sig út úr fátækt? Tekjudreifing getur vissulega verið ójöfn í frjálsum hagkerfum, þótt það sé að vísu ekki algilt lögmál. En stundum finnst frjálshyggjumönnum ekkert athugavert við ójafna tekjudreifingu (sbr. Nozick, 1974). Setjum svo, að á Íslandi sé fremur jöfn tekjudreifing, sem jafnaðarmenn séu sáttir við. Síðan komi Milton Friedman til landsins í því skyni að halda fyrirlestur á Hótel Sögu. Hann setur upp 10 þúsund króna aðgangseyri, og salurinn tekur 500 manns. Húsfyllir er á fyrirlestrinum, og áheyrendur hverfa þaðan hinir ánægðustu. Þá er Friedman fimm milljón krónum ríkari og 500 manns 10 þúsund krónum fátækari hver.

Hvort vilja menn frekar, að börn þeirra fæðist í Jafnaðarlandi, þar sem kjör eru jöfn, en ekki góð, eða í Tækifæralandi, þar sem kjör eru misjöfn, en kjör hinna verst settu skárri en annars staðar? Hvort vilja þeir, að þau fæðist í Jafnaðarlandi, þar sem ráðið við fátækt er að gera hana bærilegri með bótum, eða í Tækifæralandi, þar sem ráðið er að fjölga tækifærum hinna fátæku til að vinna sig út úr fátækt?

Tekjudreifingin er orðin ójafnari. En hvar er ranglætið?

4. Er Evrópa betri fyrirmynd en Vesturheimur?

Fjórðu spurningunni, hvort Evrópa sé Íslendingum betri fyrirmynd en Vesturheimur, verður ekki svarað með einföldu jái eða nei. Víst er að minnsta kosti, að Bandaríkin eru ekkert draumaríki frjálshyggjunnar. Bandaríska hagkerfið mældist árið 2010 aðeins 18. frjálsasta hagkerfi heims. Fimm frjálsustu hagkerfin voru þá (í þessari röð) Hong Kong, Singapúr, Nýja Sjáland, Sviss og Ástralía (Gwartney, 2012). En atvinnufrelsi er ekki allt. Frjálshyggjumenn geta ekki verið hrifnir af öllum þáttum stjórnarfarsins í borgríkjunum kínversku, Hong Kong og Singapúr. Fá menn þar að þroska einstaklingseðli sitt í nægum friði fyrir stjórnvöldum? Líklega er Sviss einna næst því allra ríkja

að vera fyrirmyndarríki frjálshyggjunnar. Þar er hagkerfið ekki aðeins frjálst, heldur eru kúgun eins hóps á öðrum reistar óvenjuþröngar skorður. Svisslendingar hafa lært að lifa saman við frelsi, þótt sundurleitir séu, tali margar tungur og stundi ólík trúarbrögð (Curzon-Price, 2001; Bessard, 2007). En margt er samt gott um Bandaríkin og fróðlegt að bera saman lífskjör í hinum 50 ríkjum þar vestra og í hinum 27 ríkjum Evrópusambandsins. Af 25 ríkustu ríkjunum í slíkum heildarsamanburði eru 24 í Bandaríkjunum, Delaware, Alaska, Connecticut og svo framvegis, og aðeins eitt í Evrópusambandinu, Lúxemborg. Af 25 fátækustu ríkjunum eru 16 fátækustu öll í Evrópusambandinu, allt frá Rúmeníu til Ítalíu, en það land er fátækara en fátækasta ríki Bandaríkjanna, Mississippi. Frakkar njóta svipaðra lífskjara og íbúar Alabama og Arkansas, en þau ríki þykja ekki standa framarlega vestra.³ Þetta segir mikla sögu.

Ekki er síður fróðlegt að bera saman Norðurlönd og þau ríki Bandaríkjanna og fylki í Kanada, sem eru „norrænust“ í þeim skilningi, að þau liggja norðarlega og að fólk af norrænu bergi brotið settist þar frekar að en annars staðar í Vesturheimi. Þá er rétt að undanskilja ríki, sem búa við gjöfular náttúruauðlindir, eins og Noreg, Norður-Dakóta og Alberta. En niðurstaðan er einföld: Lífskjör eru betri í Minnesota, Suður-Dakóta og Manitoba en á Íslandi eða í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi.⁴

³ Hugmyndin að þessum samanburði kemur frá Fredrik Bergström (2007), en tölur eru nýtri, allar frá 2010. Tölur um ríki í BNA eru úr Avery (2011), nema hvað breytt er hér úr 2005-verðlagi í 2010-verðlag með því að margfalda með 1,10993. Tölur um ríki ESB (GDP per capita PPP) eru frá *CIA World Factbook*.

⁴ Tölur frá Kanada eru frá Hagstofu Canada (2013) og fyrir árin 2009–2010. Þær eru í Kanadadal, en hann var þá nánast jafngildur Bandaríkjadal. Tölur um Norðurlönd eru úr *CIA World Factbook* (GDP per Capita, PPP, USD) fyrir 2010. Tölur um ríki í BNA eru úr Avery (2011).

Annar fróðlegur samanburður er á kjörum sænskættaðs fólks í Vesturheimi og Svía. Eitt sinn sagði sænskur hagfræðingur hróðugur við Milton Friedman: „Norðrænir menn búa ekki við fátækt.“ Friedman svaraði að bragði: „Í Bandaríkjunum búa norðrænir menn ekki heldur við fátækt.“ Talið er, að um 4,4 milljónir Bandaríkjamanna séu af sænskum ættum. Setjum svo, að þeir stofnuðu eigið ríki, Nýju-Svíþjóð. Þá væru lífskjör þar 57 þúsund dala verg landsframleiðsla á mann að meðaltali, talsvert betri en í Bandaríkjunum að meðaltali, en lífskjör í Bandaríkjunum eru síðan talsvert betri en í Gömlu-Svíþjóð, þar sem þau mælast 37 þúsund dala verg landsframleiðsla á mann að meðaltali (Sanandaji, 2011, 21). Og setjum svo, að Gamla-Svíþjóð ákvæði nú að ganga í Bandaríkin sem 51. ríkið. Þá væru lífskjör þar um eða undir meðallagi í Bandaríkjunum. Samanburður í tíma er ekki síður fróðlegur en í rúmi. Svíar fóru árin 1960–1990 „gömlu sænsku leiðina“, sem fólst í háum sköttum og víðtækri endurdreifingu tekna. Þeir rötuðu í miklar ógöngur, enda var hlutfall skatta af landsframleiðslu þar komið vel yfir 50%. Hagkerfið staðnaði, engin ný störf urðu til nema í opinbera geiranum. Árið 1964 voru lífskjör í Svíþjóð svipuð og í Bandaríkjunum, en árið 1994 voru þau komin niður í um 75%. Þeir skiptu því um stefnu upp úr 1990 og hafa síðan farið „nýju sænsku leiðina“, sem felst í lækkun skatta og fjölgun tækifæra til einkareksturs. Þetta hefur haft þær afleiðingar, að þeir hafa dregið á Bandaríkin. Lífskjör eru komin upp í nær 90% af því, sem gerist vestra (Seðlabankinn í St. Louis, 2013).

Nú segja sumir á móti, að lífskjör séu betri í Bandaríkjunum en Evrópu vegna þess, að Bandaríkjamenn vinna meira en Evrópubúar. Það er laukrétt. En hvort er skárra, svitaperlur eða sultardropar? Bandaríkjamenn vinna

meira af tveimur ástæðum, af því að þeir geta það og af því að það borgar sig fyrir þá. Þeir geta það, af því að þar er lítið atvinnuleysi, verkalýðsfélög verðleggja fólk þar ekki út af vinnumarkaðnum, eins og í Evrópu, þar sem atvinnuleysi á meðal ungs fólks er ískyggilegt. Og það borgar sig fyrir Bandaríkjamenn að vinna, af því að þeir greiða ekki eins mikið af viðbótartekjum sínum fyrir viðbótarvinnu í skatta og Evrópubúar. Rannsóknir Edwards Prescotts, Nóbelsverðlaunahafa í hagfræði, sýna (2007), að vinnufýsi manna ræðst til langs tíma að miklu leyti af því, hversu miklu þeir mega halda eftir af sjálfsaflafé sínu.

Þegar rætt er um Ísland í alþjóðlegum samanburði, hlýtur síðan að vera áhyggju-efni, að Ísland hefur síðustu árin fjarlægst önnur Norðurlönd í atvinnumálum. Árið 2010 mældist íslenska hagkerfið miklu aftar í röðinni en áður. Það var hið 65. frjálsasta af 144 hagkerfum heims. Þá var Ísland í næst-frjálsasta fjórðungi ríkja í atvinnumálum, en önnur Norðurlönd öll í frjálsasta fjórðungnum, Finnland til dæmis í 9. sæti. Árið 2010 var Ísland í hópi þeirra ríkja, þar sem atvinnufrelsi hafði minnkað einna mest árin á undan, við hlið Argentínu og Venesúela. Það skipaði þá sama sæti og Sáði-Arabía (Gwartney, 2012). Með fullri virðingu fyrir þessum löndum, Argentínu, Venesúela og Sáði-Arabíu, eru þau ekki lönd, sem Íslendingar miða sig venjulega við. Stundum er talað um, að við eigum að fara „þriðju leiðina“ á milli hreins kapitalisma og hreins sósíalisma. En sýndi reynsla Svía af árunum 1960–1990 ekki, að þetta er kredda, sem veldur kreppu? Liggur þriðja leiðin ekki beint inn í Þriðja heiminn? Er ekki skynsamlegra að horfa til grannríkjanna, Noregs, Bretlands og Kanada? Eru hinir tekjulægstu í landinu einhverju bættari, ef efnamenn flýja land, eins og margir þeirra hafa gert hér síðustu árin, eða hætta verðmætasköpun, eins og skáldsaga Ayns Rands, *Undirstaðan* (2012), lýsir vel?

Kapítalisminn lifir af þær fimm bækur, sem hér hefur verið vikið að, og frjálshyggjan er sem fyrr heppilegasta leiðarstjarna þeirra, sem vilja leyfa einstaklingunum að vaxa og þroskast eftir eigin eðli og lögmáli.

Lokaorð

A Íslandi hafa árin frá hruni farið til spillis. Óspart var alið á úlfúð og hatri, eins og gleggst sást í Landsdómsmálinu gegn Geir H. Haarde, þótt þar færu stjórnvöld hina mestu sneypuför. Bankarnir voru ekki endurreistir með þarfir innlendra viðskiptavina í huga, heldur afhentir erlendum vogunarsjóðum. Í Icesave-málinu átti að loka Íslendinga inni í skuldafangelsi, þótt sú tilraun mistækist. Tíma og kröftum var sóað í fánýtar tilraunir til að endurskrifa stjórnarskrána og þröngva Íslandi inn í Evrópusambandið. Ekki er heldur bjart framundan í öðrum löndum. Íbúar Evrópu og Bandaríkjanna hafa áratugum saman eytt um efni fram. Ríkin þar skulda allt of mikið. Stundum er sagt, að Vesturlandamenn hafi eftir hrun sósíalistaríkjanna og sigur heimskapítalismans snúið aftur til þess heims, sem stóð fyrir 1914 og Stefán Zweig lýsti snilldarlega (1958) í bókinni *Veröld sem var*. Þá gátu menn ferðast um öll lönd Evrópu án vegabréfa að undanteknum Rússlandi keisarans og Tyrkjaveldi soldánsins. Þá gátu menn skipt gjaldmiðlum sínum í glóandi gull, hvar sem var í Evrópu. Ríkið var þá fyrir fólki lítið annað en vingjarnlegur lögregluþjónn

á götuhorni. En slíkur samanburður er ekki alveg réttur. Tvenns konar munur er á ástandinu í heiminum eftir 1989 og fyrir 1914. Í fyrsta lagi felur „velferðarríkið“ í sér viðtækar skuldbindingar við fólk, sem skapar sjálft engin verðmæti. Byrði þeirra, sem vinna, verður því sífellt þyngri, svo að í óefni stefnir. Í öðru lagi eru ekki til neindir traustir gjaldmiðlar, eins og var fyrir 1914, þegar þeir voru flestir á gullfæti. Nú er tækifærum stjórnvalda til að falska myntina litlar skorður settar, enda bendir margt til þess, að það verði þrautaráðið, jafnt í Evrópu og Bandaríkjunum.

Ekki er samt öll von úti. Íslendingar reka arðbæran sjávarútveg, þótt núverandi stjórnvöld valdi nú óþarfri óvissu um framtíðarskilyrði hans. Þjóðin á talsvert af óvirkjaðri orku, þótt stjórnvöld standi í vegi fyrir nýjum virkjunum. Ferðamannaþjónusta er vaxandi atvinnuvegur, þótt stjórnvöld reyni nú að leggja á hana hærri skatta. Landið er harðbýlt, en þjóðin fámenn, svo að nóg er til skiptanna, ef ráðum foringja okkar í sjálfstæðisbaráttunni, Jóns Sigurðssonar, um frelsi í atvinnumálum, verður fylgt. Kapítalisminn lifir af þær fimm bækur, sem hér hefur verið vikið að, og frjálshyggjan er sem fyrr heppilegasta leiðarstjarna þeirra, sem vilja leyfa einstaklingunum að vaxa og þroskast eftir eigin eðli og lögmáli.

Heimildaskrá

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn [International Monetary Fund], 2012. *World Economic Outlook Database*, October. Aðgengilegt á heimasíðunni imf.org

Arnlfjótur Ólafsson, 1880. *Audfræði*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Avery, J. E., Siebeneck, T. P., og Tate, R. P., 2011. *Gross Domestic Product by State. Advance Statistics for 2010 and Revised Statistics for 2007–2009*. Bureau of Economic Analysis. Heimasíða www.bea.gov

Bessard, Pierre, 2007. *Tax Competition: The Swiss Case. Cutting Taxes to Increase Prosperity*. Ritstj. Hannes H. Gissurarson og Tryggvi Þór Herbertsson. Bls. 85–104. Reykjavík: Bókafélagið.

- Björn Bjarnason, 2011. *Rosabaugur yfir Íslandi: saga Baugsmálsins*. Reykjavík: Ugly.
- Booth, Philip, 2009. Introduction. *Verdict on the Crash: Causes and Policy Implications*. Bls. 27–36. London: Institute of Economic Affairs.
- Chang, Ha-Joon, 2012. *23 atriði um kapitalisma sem ekki er sagt frá*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.
- CIA World Factbook. Aðgengileg á Netinu: <https://www.cia.gov/library/publications/the-world-factbook/rankorder/2004rank.html> (og síðan má fletta upp VLF/ mann 2010 frá hverju landi).
- Curzon-Price, Victoria, 2001. How to Become a Rich Country: Lessons from Switzerland. *Tax Competition: An Opportunity for Iceland?* Ritstj. Hannes H. Gissurarson og Tryggvi Þór Herbertsson. Bls. 9–18. Reykjavík: Hagfræðistofnun og Háskólaútgáfan.
- Davíð Oddsson, 2008. Viðtal í Kastljósi Sjónvarpsins 7. október, sjá m. a. http://www.mbl.is/frettir/innlent/2008/10/07/rikid_borgi_ekki_skuldir_oreidumanna/
- Davíð Oddsson, 2010. Engin vanræksla: svar Davíðs Oddssonar, fyrrverandi seðlabankastjóra, við athugasemdum sem fram komu í bréfi Rannsóknarnefndar Alþingis til hans 8. febrúar 2010. *Þjóðmál* 6 (2). Bls. 37–79.
- Einar Már Guðmundsson, 2011. *Bankastræti núll*. Reykjavík: Mál og menning.
- Einar Már Jónsson, 2011. *Órлагaborgin: brotabrot úr afreka-sögu frjálshyggjunnar*, fyrri hluti. Reykjavík: Ormstunga.
- Ferguson, Niall, 2009. *Peningarnir sigra heiminn: fjármála-saga veraldarinnar*. Elín Guðmundsdóttir þýddi. Reykjavík: Ugly.
- Gauti B. Eggertsson, 2009. Blogg (nú læst, en m. a. vitnað í það á vefsíðunni <http://www.visir.is/astarbrief-sedlabankans-verst- mistokin-fyrir-hrun/article/2009456258325>).
- Gunnlaugur Jónsson, 2012. *Ábyrgðarkver: bankahrunið og lerdómurinn um ábyrgð*. Reykjavík: Sögur.
- Gwartney, James, o. fl. 2012. *Economic Freedom of the World: 2012 Annual Report*. Vancouver: Fraser Institute. Einnig aðgengilegt á Netinu á síðunni freetheworld.com.
- Hagstofa Evrópusambandsins, 2007. Lágtekjumörk og tekjudreifing 2003–2004. *Hagtiðindi*, 2007 (1), 2. febrúar 2007 (íslenskur útdráttur skýrslu hagstofu ESB).
- Hagstofa Kanada, 2013. Canada Statistics. Table A. 34 gross domestic product per capita, provinces and territories, in current dollars. Heimasíða www.statcan.gc.ca
- Hallgrímur Helgason, 1996. *101 Reykjavík*. Reykjavík: Mál og menning.
- Hannes H. Gissurarson, 2009. *Áhrif skattahækkana á hagvöxt og lífskjör*. Reykjavík: Bókafélagið.
- Jón Steinsson, 2008. Sefur Seðlabankinn á verðinum? *Morgunblaðið* 25. september.
- Landsdómur, 2012. Dómur 23.04.2012 í landsdómsmálinu nr. 3/2011: Alþingi gegn Geir Hilmarí Haarde á vefsíðunni <http://www.landsdomur.is/domar-og-urskurdir/nr/77>.
- Locke, John, 1689/1986. *Ritgerð um ríkisvald*. Atli Harðarson þýddi. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Morgunblaðið* 2003. Um 2,6% barna undir fátæktarmörkum. 1. maí.
- Morgunblaðið* 2007. Tekjudreifing lítið breyst. 16. janúar.
- National Audit Office, 2012. Which banks received support from the UK government? Taxpayer support for UK banks: FAQs. Sjá heimasíðuna http://www.nao.org.uk/banking_faq.aspx
- Nozick, Robert, 1974. *Anarchy, State, and Utopia*. Oxford: Basil Blackwell.
- Óli Björn Kárason, 2012. *Síðasta vörnin: Hæstiréttur á villigötum í eitruðu andrúmslofti*. Reykjavík: Ugly.
- Politiken, 2010. Danske bankpakker reddede Danske Banks liv, 3. desember.
- Poulson, Hank [Henry], 2010. *On the Brink: Inside the Race to Stop the Collapse of the Global Financial System*. New York: Business Plus.
- Prescott, Edward C., 2007. Taxes, Hours and Employment. Fyrirlestur í Reykjavík 26. júlí. Glærur frá honum m. a. aðgengilegar á http://www.rnh.is/?page_id=280.
- Rand, Ayn, 2012. *Undirstaðan*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Rannsóknarnefnd Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008, 2010. Skýrsla. Kaffi 21.5.6.2. Reykjavík, Alþingi. Einnig aðgengilegt á Netinu.
- Sanandaji, Nina, 2011. *The Swedish Model Reassessed. Affluence despite the Welfare State*. Helsinki: Libera. Einnig aðgengilegt á Netinu.
- Seðlabankinn í St. Louis, 2013. Federal Reserve Bank of St. Louis, Economic Research. Purchasing Power Parity Converted GDP Per Capita Relative to the United States, G-K method, at current prices for Sweden. Aðgengilegt á síðunni <http://research.stlouisfed.org/fred2/series/PGDPUSSEA621NUPN>. Frumheimild: University of Pennsylvania.
- Smith, Adam, 1776/1997. *Rannsókn á edli og orsökum auðlegðar þjóðanna*, I–III. bók. Þorbergur Þórsson þýddi. Reykjavík: Bókafélagið.
- Stefán Ólafsson, 2003. Athugasemdir vegna umræðu um fátækt. *Morgunblaðið* 7. maí.
- Stefán Ólafsson, 2006. Aukning ójafnaðar á Íslandi. *Morgunblaðið* 31. ágúst.
- Stefán Ólafsson, 2010. Árangur frjálshyggjunnar. Samanburður lífskjara í frjálshyggjuríkjum og velferðarríkjum. *Eilífðarvélín. Uppgjör við nýfrjálshyggjuna*. Bls. 139–193. Ritstj. Kolbeinn Stefánsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Stefán Snævarr, 2011. *Kredda í kreppu: frjálshyggjan og móteitrið við henni*. Reykjavík: Heimskringla.
- Stigler, George, 1982. The Ethics of Competition: The Unfriendly Critics. *The Economist as Preacher and Other Essays*. Bls. 27–37. Oxford: Basil Blackwell.
- Styrmir Gunnarsson, 2009. *Umsátrið. Fall Íslands og endurreisn*. Reykjavík: Veröld.
- Zweig, Stefan, 1958. *Veröld sem var*. Halldór J. Jónsson og Ingólfur Pálmason þýddu. Reykjavík: Menningarsjóður.